

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
Stjórnartíðindi  
Skuggasundi 3  
105 Reykjavík

Tilvísun: 2008100036

## AUGLÝSING

### ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

**um skipan skilanevndar fyrir Landsbanka Íslands hf.**

Þann 6. október sl. voru samþykkt á Alþingi lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, sem fólu í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og öðrum lögum. Með lögnum eru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur það meðal annars tekið yfir vald hluthafafundar, vikið stjórn fjármálafyrirtækis frá störfum og skipað skilanevnd og/eða tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki, sbr. 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 125/2008.

Á fundi Fjármálaeftirlitsins með stjórnendum Landsbanka Íslands hf. þann 6. október sl. kom fram að aðstæður bankans væru alvarlegar og að bankinn teldi ljóst að hann myndi falla undir áður nefnt ákvæði 5. gr. frumvarpsins (þ.e. 100. gr. a.), yrði það að lögum. Lýstu bankastjórar yfir fullum samstarfsvilja vegna hugsanlegra aðgerða Fjármálaeftirlitsins. Auk þessa liggur fyrir yfirlýsing frá stjórn bankans þess efnis.

Fjármálaeftirlitið fékk einnig afrit af fundargerð Bankaráðs Landsbanka Íslands hf., dags. 6. október 2008, þar sem bankaráðsmenn fjölluðu meðal annars um takmarkaða greiðslugetu bankans.

Með hliðsjón af ofangreindu er það mat Fjármálaeftirlitsins að skilyrði 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki séu uppfyllt, í ljósi þessara knýjandi fjárhags- og rekstrarerfiðleika Landsbanka Íslands hf., kerfislegs mikilvægis hans og þeirra keðjuverkandi áhrifa sem mögulegt gjaldþrot hans kynni að hafa á íslenska hagkerfið, enda telur Fjármálaeftirlitið önnur úrræði þess ekki líkleg til að bera árangur.

ÞAÐ ER ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS að taka yfir vald hluthafafundar Landsbanka Íslands hf. og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum þegar í stað. Fjármálaeftirlitið skipar jafnframt hér með skilanevnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, í samræmi við 100. gr. a. laga

um fjármálafyrirtæki. Skilanevnd skal fara með öll málefni Landsbanka Íslands hf., þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna þess, svo og að annast annan rekstur þess. Skilanevnd skal fylgja ákvörðunum sem Fjármálaeftirlitið tekur á grundvelli 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki og starfa í samráði við Fjármálaeftirlitið.

Með hliðsjón af framangreindu skal eftirfarandi tekið fram:

1. Skilanevnd skal vinna að því að tryggja áframhaldandi viðskiptabankastarfsemi Landsbanka Íslands hf. hér á landi,
2. Innköllun til lánardrottna Landsbanka Íslands hf. skal eigi gefin út vegna ákvörðunar þessarar.
3. Ákvæði 64. og 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eiga ekki við meðan skilanevnd fer með málefni fjármálafyrirtækisins. Á sama tíma verður ekki komið fram gagnvart fjármálafyrirtækinu aðfarargerð á grundvelli laga um aðför eða kyrrsetningu á grundvelli laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl.
4. Ríkissjóður ber ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins vegna ákvörðunar þessarar, þar með talið skiptakostnaði ef til slíks kostnaðar stofnast.


Í skilanevnd hafa verið skipaðir:

- Ársæll Hafsteinsson, hdl., kt. 140158-4379
- Einar Jónsson, hdl., 160473-3129
- Lárentsínus Kristjánsson, hrl., kt. 141263-2269
- Lárus Finnbogason, lög. endurskoðandi, kt. 270959-3189
- Sigurjón Geirsson, lög. endurskoðandi, kt. 160664-3129

Ákvörðun þessi var tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi. Engin vanefndaúrræði viðsemjenda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.

## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

7. október 2008



Jón Sigurðsson  
Formaður stjórnar



Jónas Fr. Jónsson  
Forstjóri